

Ályktun stjórnarfundar BSRB 12. desember 2006

BSRB fagnar því að öryggisgæsla á Keflavíkurflugvelli verði alfarið í höndum opinberra aðila.

Stjórn BSRB fagnar sérstaklega þeirri ákvörðun utanríkisráðuneytisins að hverfa frá því fyrirkomulagi sem komið var á síðastliðið sumar þegar tveimur einkafyrirtækjum voru fengin tiltekin verkefni við öryggisgæslu í Leifsstöð. Þar með fær sýslumannsembættið á Keflavíkurflugvelli aftur í sínar hendur alla þætti öryggis- og löggæslueftirlits sem fellur undir lögsögu þess og gengur breytingin í gildi frá og með næstu áramótum.

Þessi ákvörðun utanríkisráðuneytisins er samhljóma þeirri stefnu sem BSRB hefur haldið á lofti. Samtökin hafa ítrekað bent á þá grundvallarreglu að löggæsla og almenn öryggisgæsla eigi að vera á höndum opinberra aðila. Í því sambandi má m.a. benda á nýlega ályktun BSRB um öryggis- og löggæslumál sem samþykkt var á 41. þingi bandalagsins í október síðastliðnum. Í þeirri ályktun segir m.a.:

Um opinbera stjórnsýslu gildir ákveðinn lagarammi til að tryggja almannahag og í samræmi við það eru gerðar strangar kröfur til opinberra embættismanna á sviði löggæslu varðandi fagmennsku, menntun og hæfni. 41. þing BSRB mótmælir því harðlega einkavæðingu á öryggisgæslu á Keflavíkurflugvelli og víðar og krefst þess að hún verði færð aftur til yfirvalda. Slík öryggisgæsla hlýtur að falla undir starfsemi opinberra löggæslufirvalda sem hafa m.a. það hlutverk að halda uppi allsherjarreglu og tryggja öryggi íslenskra borgara á íslensku landsvæði. Þá má ekki gleyma því að megin markmið einkarekinna fyrirtækja er að skila hagnaði og er hætt við að slík sjónarmið ráði för við reksturinn. Það getur í þessu tilviki haft áhrif á öryggi þeirra borgara sem um Leifsstöð fara hverju sinni.

Það er BSRB mikið fagnaðarefni að utanríkisráðuneytið hafi komist að sömu niðurstöðu í þessum efnum og falið sýslumannsembættinu á Keflavíkurflugvelli að taka aftur yfir alla þætti öryggis- og löggæslueftirlits í lögsagnarumdæmi þess.